




AÐALSKIPULAG ÁRBORGAR 2020-2036

Greinargerð – breyting á Selfosslínu 1

05.04.2024



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Árborgar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

104067-GRG-001-V04

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Minjar	6
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	7
3.1	Aðalskipulag Árborgar 2020-2036	7
3.2	Landsskipulagsstefna 2015-2026	8
3.3	Kerfisáætlun Landsnets	8
3.4	Orkustefna	8
3.5	Samræmi breytingar við gildandi áætlunir	9
3.6	Deiliskipulag	9
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
5.1	Umhverfispættir og áherslur	10
5.2	Valkostir og umhverfisáhrif	11
5.3	Niðurstaða	12
6	SKIPULAGSFERLI OG UMSAGNARAÐILAR	12
6.1	Skipulagslýsing	13
6.2	Skipulagsferlið	13
6.3	Breytingar að lokinni kynningu	13

1 INNGANGUR

Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í megindráttum liggja með Austurvegi og fylgja nýrri legu Suðurlandsvegur norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3 km. Framkvæmdinni verður áfangaskipt. Í fyrsta áfanga verður línan tekin niður frá tengivirki að mastri nr. 114. Síðari áfangar byggja á tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá en línan verður hengd í brúna.

Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Breytingin nær einnig til dreifbýlis í Flóahreppi og samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Flóahrepps þar sem línan er sett í jörð.

Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnin matstilkynning og send til Skipulagsstofnunar.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og uppdráttum. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur fyrir Selfoss í mkv. 1:10.000.
- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur fyrir dreifbýli í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatsskýrslu.


2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Nýr jarðstrengur verður að hluta til innan þéttbýlis á Selfossi. Ráðgert er að hann fylgi að einhverju leyti legu nýs Suðurlandsvegur og fari yfir fyrirhugaða brú á Ölfusá norðan við Selfoss. Skoðaðir voru nokkrir valkostir fyrir legu jarðstrengsins. Meðal annars þarf að taka tillit til annarra veitulagna, gildandi skipulags og framtíðar hugmynda um landnotkun, ásamt því að rými þarf að vera fyrir jarðstreng og helgunarsvæði hans. Mannvirkjagerð er takmörkuð innan helgunarsvæðis jarðstrengja og því þarf jafnframt að hafa það í huga því gildandi aðalskipulag heimilar talsverða uppbyggingu í nágrenni strengleiðar.

Framkvæmdir við jarðstreng tengjast m.a. fyrirhuguðum breytingum á Suðurlandsvegi og nýrri brú yfir Ölfusá, norðan Selfoss. Fyrirséð er að strenglagnin og niðurrif loftlínu á sama kafla verður áfangaskipt í samræmi við framgang þess verkefnis, m.a. brúargerð. Reiknað er með að í fyrsta áfanga verði lagður jarðstrengur frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 114 sem er syðst á Svarfhólsvelli í Flóahreppi. Í síðari

áfanga verði lagður jarðstrengur um nýja brú yfir Ölfusá og áfram upp með henni að mastri nr. 103 og jafnvel að mastri nr. 99. Verði farið að mastri nr. 99 verður óskað eftir breytingu á aðalskipulagi Ölfuss.

Núverandi háspennulína liggur að hluta til um Hellisskóg og undanfarin ár hefur það verið áskorun að reka loftlínu sem liggur um skógræktarsvæði. Tré í Hellisskógi eru það hávaxinn að reglulega hefur þurft að klippa ofan af trjám undir og næst línunni. Því er æskilegt að nýr jarðstrengur nái norður fyrir Hellisskóg, eða að mastri nr. 99.



MYND 1. Aðalskipulag Árborgar. Blá lína er lega Selfosslínu 1 í gildandi skipulagi. Græn lína er breytt lega Selfosslínu 1.

Jarðmyndanir

Selfoss og svæðið sem um ræðir sunnan Ölfusár er á Þjórsárhrauni, sem rann frá Bárðarbungu eldstöðvakerfinu fyrir 8600 árum. Ekki sér til hrauns á yfirborði.

Árborg, eins og stór hluti Suðurlandsundirlendis, er á stærsta hrauni landsins, Þjórsárhrauni. Hraunið rann eftir síðustu ísöld og nýtur því sjálfkrafa verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Það er hins vegar þykkur lífrænn jarðvegur ofan á hrauninu og sést hvergi í hraunið á yfirborði. Eins og fram

kemur í greinargerð í frumvarpi til laga um náttúruvernd, þá hefur eldhraun sem er hulið jarðvegi og gróðri að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun og hefur það því ekki lengur sérstakt verndargildi.

Gróður

Svæðið sem breytingin nær yfir er að hluta til vel gróið. Skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er um að ræða þéttbýli og annað manngert land, tún og akurlendi og skógrækt. Allar vistgerðir hafa lágt verndargildi.

Rask verður á gróðri á framkvæmdatíma en að honum loknum verður landi lokað og sárið grætt upp.


Fuglar

Nyrst á svæðinu er skógrækt og þar má búast við hefðbundnum skógarfuglum á borð við skógarpröst, svartpröst, auðnutittling og músarrindil. Sunnan Ölfusár fer jarðstrengurinn um manngerð tún þar sem hrossagaukur og stelkur eru líklegir varpfuglar. Gæsir og ýmsir farfuglar gætu mögulega nýtt þau á fartíma. Það svæði mun þó allt fara undir Suðurlandsveg og frekari uppbyggingu á Selfossi. Loftlínan fer um golfvöllinn Svarfhólsvöll og þar eru vel slegnar golfbrautir innan um graslendi. Þar má líka búast við hrossagauk og stelk en einnig þúfuttittling og jaðrakan. Nálægð við Ölfusá gæti þýtt að andfuglar séu á svæðinu, einkum við Hellisskóg. Töluverð umferð og mannvirki eru í og við fyrirhugað framkvæmdasvæði og því ólíklegt að þar séu þétt búsvæði fugla, nema þá helst í skógræktinni í Hellisskógi.

2.1 Minjar

Í minjavefsjá Minjastofnunar er ekki að finna þekktar minjar á því svæði sem breytingin nær yfir. Í tengslum við umhverfismat nýs Suðurlandsvegar var gerð fornleifarannsókn af [Fornleifafræðistofnunni](#) árið 2008. Þær minjar sem fundust við þá rannsókn má sjá á mynd 2. Þær minjar sem eru í nágrenni við strengleið eru nr. 4 staður tengdur þjóðtrú, nr. 74 sem er staður tengdur þjóðtrú og nr. 75 Hellisbrú er gömul þjóðleið. Framkvæmdir við niðurrif loftlínu og lagningu jarðstrengs eru ekki talin hafa neikvæð áhrif á umræddar minjar.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.



MYND 2. Staðsetning minja sem fundust við fornleifarannsóknir í tengslum við umhverfismat Suðurlandsvegur og nýrrar Ölfusárbrúar. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir hafi áhrif á minjar.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Aðalskipulag Árborgar 2020-2036

Í aðalskipulaginu er sett fram eftirfarandi stefna fyrir rafveitu:

- Að sem flestar raflínur verði settar í jörð.

Almennir skilmálar eru eftirfarandi:

- Helgunarsvæði háspennulína skal vera skv. gildandi stöðlum.
- Öryggis- og athafnasvæði jarðstrengja er 10-11 m breitt.
- Háspennulínur og háspennustrengir eru á vegum Landsnets og skal haft samráð við fyrirtækið varðandi framkvæmdir innan helgunarsvæða lína og strengja.

TAFLA 1. Stefna fyrir Selfosslínu 1 í gildandi aðalskipulagi.

HEITI	STEFNA
Selfosslína 1	Liggur milli tengivirkis á Selfossi og Ljósafofssstöðvar. Stærð 66 kV. Gert er ráð fyrir að línan verði sett í jörð til framtíðar litið og liggi um nýja brú yfir Ölfusá. Jarðstrengur getur verið 132 kV. Lega jarðstrengs er sýnd á uppdrætti en hefur ekki verið útfærð nákvæmlega. Gert er ráð fyrir loftlínu og helgunarsvæði hennar þar til línan verður sett í jörð.

Í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði í Hellisskógi.

TAFLA 2. Stefna fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði í Hellisskógi.

NR	HEITI	STÆRD/ HA	LÝSING OG SKILMÁLAR
SL1	Hellisskógur	190	Skógræktar- og útivistarsvæði með göngu-, reið- og reiðhjólástígum og áningarstöðum. Heimiluð er áframhaldandi gróðursetning og grisjun núverandi skógar. Heimilt er að bora rannsóknarholur vegna mögulegrar nýtingar á jarðhita innan svæðisins. Mikilvægt er að gengið sé vel um svæðið á framkvæmdatíma. Rannsóknir á jarðhita og jarðhitavinnsla er heimil innan svæðisins ef í ljós kemur nýtanlegur jarðhiti. Svæðið er beggja vegna Suðurlandsvegur. Megin stígar eru sýndir á uppdrætti. Heimilt er að bæta við stígum.

3.2 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag í dreifbýli

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum.

Búsetumynstur og dreifing byggðar

Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

3.3 Kerfisáætlun Landsnets

Í [Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030](#) kemur fram að álag á svæðisbundna flutningskerfið á Suðurlandi er mikið. Í Þorlákshöfn og á Selfossi er mögulegt að bæta við 0-10 MW á kerfið. Til að auka flutningsgetu þarf m.a. að skoða spennuhækkun á Selfosslínu 1 til þess að auka flutningsgetu á línunni og auka aflgetu á vestari hluta Suðurlands.

Í framkvæmdaáætlun Kerfisáætlunar 2023-2032 er gert ráð fyrir umræddum breytingum á Selfosslínu 1. Kerfisáætlun bíður afgreiðslu Orkustofnunar.

3.4 Orkustefna

[Orkustefna](#) til ársins 2050 er langtímastefna stjórnvalda um orkumál. Þar er sett fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar; orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi.

Um orkuöryggi segir m.a. að „Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öflugt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuviðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúruvá, skemmdarverka eða af öðrum orsökum“.

Orkustefna miðar að því að „styrkja þarf flutnings- og dreifikerfi til að mæta aukinni þörf í samfélaginu, með lágmarks umhverfisáhrifum, í samráði við hagsmunaaðila og aðra sem uppbyggingin snertir.

Innviðir þurfa að vera tryggir og áfallapolnir. Áfallapol má bæta m.a. með nægilegri flutningsgetu, varaafli og/eða hringtengingum, jarðstrengjum og miðast við aðstæður og aðrar tæknilegar skorður“.

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágmörkuð eins og kostur er.

3.5 Samræmi breytingar við gildandi áætlanir

Breyting á aðalskipulagi er í samræmi við landsskipulagsstefnu að því leyti að verið er að bæta afhendingaröryggi raforku.

Breytingin er í samræmi við kerfisáætlun því verið er að styrkja svæðisbundna flutningkerfið og auka flutningsgetu þess.

Breytingin er í samræmi við orkustefnu því verið er að efla flutningskerfið til að mæta eftirspurn til framtíðar ásamt því að efla áfallapol kerfisins með því að setja það í jörð.

3.6 Deiliskipulag

Nokkur deiliskipulög eru í gildi á skipulagssvæðinu og hefur nýr jarðstrengur áhrif á þau.

- Deiliskipulag Árbakka í landi Laugardæla, dagsett í maí 2007. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á skipulaginu. Núverandi Selfosslína 1 liggur þvert yfir svæðið en hún verður tekin niður þegar lagður hefur verið nýr jarðstrengur.
- Deiliskipulag Austurvegar 69 á Selfossi, dagsett í mars 2004. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á skipulaginu. Lega jarðstrengs er austan við lóðina.
- Deiliskipulag Austurvegar 67 á Selfossi, dagsett í mars 2018. Núverandi háspennulína liggur um lóðina en verður tekin niður þegar lagður hefur verið nýr jarðstrengur.
- Deiliskipulag Austurvegar 66, dagsett í apríl 2003. Deiliskipulag aðveitustöðvar. Annar endi jarðstrengs tengist í aðveitustöðina.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og uppdráttum.

Breytingar á uppdrætti

Legu Selfosslínu 1 er breytt á þéttbýlisuppdrætti fyrir Selfoss og sveitarfélagsuppdrætti.

Breytingar á greinargerð

Stefna í gildandi skipulagi.

HEITI	STEFNA
Selfosslína 1	Liggur milli tengivirkis á Selfossi og Ljósafossstöðvar. Stærð 66 kV. Gert er ráð fyrir að línan verði sett í jörð til framtíðar litið og liggi um nýja brú yfir Ölfusá. Jarðstrengur getur verið 132 kV. Lega jarðstrengs er sýnd á uppdrætti en hefur ekki verið útfærð nákvæmlega. Gert er ráð fyrir loftlínu og helgunarsvæði hennar þar til línan verður sett í jörð.

Stefna í breyttu skipulagi.

HEITI	STEFNA
Selfosslína 1	Liggur milli tengivirkis á Selfossi og Ljósafossstöðvar. Heimilt er að setja línuna í jörð frá tengivirki á Selfossi að sveitarfélagsmörkum vestan við mastur nr. 99. Núverandi háspennulína verður tekin niður og öll ummerki fjarlægð. Strengurinn kemur til með að liggja um nýja brú á Ölfusá. Stærð strengs getur verið allt að 132 kV. Við nákvæma útfærslu og hönnun á staðsetningu strengs er heimilt að hnika honum lítillega til. Vanda skal frágang að loknum framkvæmdum og eftir atvikum nýta gróðurторfur til þess. Helgunarsvæði jarðstrengs er alls 10 m. Heildarlengd strengs frá tengivirki á Selfossi að sveitarfélagsmörkum við Ölfus er um 3 km, þar af eru um 1,8 km í Árborg.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingu verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir eru taldar upp í kafla 3.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Skoðuð verða áhrif á þá umhverfispætti sem taldir eru upp í töflu 3.

TAFLA 3. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land Nýting lands.	Stefna í aðalskipulagi.	Hefur stefnan áhrif á hagkvæma nýtingu lands?

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	Matsspurningar
Jarðmyndanir. Ásýnd og yfirbragð.	- Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. - Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð. Landsskipulagsstefna 2015-2026. - Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?
Samfélag Afhendingaröryggi raforku. Innviðir.	Stefna í aðalskipulagi. - Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð. - Heimilt er að viðhalda og/eða endurnýja núverandi háspennulínur. Landsskipulagsstefna 2015-2026. - Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun. Orkustefna - Orkuþörf samfélags er ávallt uppfyllt. - Innviðir eru traustir og áfallalögnir.	Stuðlar stefnan að betra afhendingaröryggi raforku? Hefur stefnan áhrif á íbúa eða atvinnulíf?

5.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Gerð hefur verið ýtarleg skoðun á hvar og hvernig hægt er að koma jarðstrengnum fyrir m.v. það rými sem hann þarf og þær takmarkanir sem gilda innan helgunarsvæðis hans. Einkum er horft til núverandi og fyrirhugaðrar landnotkunar í þessu sambandi, s.s. hvar eru núverandi lagnir og hvar eru fyrirhugaðar lagnaleiðir, lóðamörk og gatnakerfi. Í þessari skoðun varð ljóst að lega jarðstrengs á Selfossi, skv. gildandi skipulagi, gengur ekki upp. Ekki er nægt rými fyrir hann og helgunarsvæði hans vegna annarra lagna og núverandi eða fyrirhugaðrar landnotkunar.

- Valinn kostur:** Selfosslína 1 verður sett í jörð og getur verið 132 kV. Ýtarleg skoðun á mögulegri legu hefur farið fram, í samráði við sveitarfélagið. Liggur strengurinn frá spennistöð, með Austur-vegi fyrst að sunnanverðu og fer svo norður fyrir hann og austur með honum að sveitarfélagamörkum. Strengurinn mun liggja um Laugardælaland, austan nýs Suðurlandsvegar og yfir nýja brú á Ölfusá, og um Hellisskóg að sveitarfélagamörkum við mastur nr. 99. (Sjá mynd 1). Hluti strengleiðar er í Flóahreppi.
- Stefna í gildandi skipulagi:** Selfosslína 1 verður sett í jörð og getur verið 132 kV. Lega jarðstrengs er sýnd á uppdrætti meðfram Suðurlandsvegi og Biskupstungnabraut en hefur ekki verið útfærð.

Áhrif af völdum kosti

Áhrif á land eru jákvæð/neikvæð. Með breytingunni verður háspennulína tekin niður og sett í jarðstreng. Við það verður línán ekki lengur sýnileg og verða 23 möstur fjarlægð í heildina. Lega nýs jarðstrengs hefur verið skoðuð ýtarlega og verður hann innan þéttbýlis, innan helgunarsvæðis Suðurlandsvegar og meðfram vegi í Hellisskógi. Hann liggur mikið til um raskað svæði.

Gera má ráð fyrir að fjarlægja/færa þurfi trjágróður á meðan á framkvæmdum stendur. Settir eru skilmálar um að eftir því sem við á verði gróðurtorfum haldið til haga og þær nýttar við frágang svæða. Að losna við háspennulínu úr Hellisskógi er jákvætt fyrir skóginn og vöxt trjágróðurs. Áhrifin eru neikvæð vegna jarðrasks meðan á framkvæmdum stendur og þar til land hefur gróið upp að nýju. Að því loknu eru áhrifin metin jákvæð.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Verið er að treysta innviði til flutnings raforku og efla afhendingaröryggi og flutningsgetu raforkukerfisins. Stuðlað er að hagkvæmni í landnýtingu og framkvæmdum með því að leggja jarðstrenginn samhliða nýjum Suðurlandsvegi. Jarðstrengur verður styttri heldur en gildandi skipulag gerir ráð fyrir. Við það minnkar kostnaður við framkvæmdina.

Áhrif af stefnu gildandi skipulags

Áhrif á land eru jákvæð/neikvæð. Með breytingunni verður háspennulína tekin niður og sett í jarðstreng. Við það verður línan ekki lengur sýnileg og verða 23 möstur fjarlægð. Jarðstrengur verður innan þéttbýlis, innan helgunarsvæðis Suðurlandsvegar og Biskupstungnabrautar. Áhrifin eru neikvæð meðan á framkvæmdum stendur og þar til land hefur gróið upp að nýju. Að því loknu eru áhrifin metin jákvæð.

Áhrif á samfélag eru jákvæð/neikvæð. Verið er að treysta innviði til flutnings raforku og efla afhendingaröryggi og flutningsgetu raforkukerfisins. Lengri jarðstrengur og dýrari framkvæmd.

5.3 Niðurstaða

Við það að setja háspennulínuna í jörðu er verið að treysta innviði til flutnings raforku, efla afhendingaröryggi og flutningsgetu raforkukerfisins. Þannig verður hægt að sjá nýjum/stærri fyrirtækjum á svæðinu fyrir nægri raforku á næstu árum. Niðurrif núverandi háspennulínu hefur jákvæð áhrif á ásjón.

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni, enda hefur verið gerð ýtarleg skoðun á því hvar mögulegt er að koma jarðstrengnum fyrir, einkum innan þéttbýlis. Og með því að setja jarðstreng í stað háspennulínu þá eykst afhendingaröryggi raforku og hægt verður að flytja meiri raforku til svæðisins til uppbyggingar á atvinnu og fyrir íbúa.

6 SKIPULAGSFERLI OG UMSAGNARAÐILAR

Aðalskipulagsbreyting verður kynnt og auglýst í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og með auglýsingu í blöðum. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í Skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafreist.

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:


- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Sveitarfélagið Ölfus
- Flóahreppur
- Skógræktarfélag Selfoss
- Land og skógur

6.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var kynnt í byrjun árs. Bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Land og skógur, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Skipulagsstofnun. Eftir því sem við á hefur verið brugðist við umsögnum.

6.2 Skipulagsferlið




6.3 Breytingar að lokinni kynningu


Vegna nákvæmari skoðunar á mögulegri legu jarðstrengsins þá er legu hans á uppdrætti breytt, ásamt lýsingu á legu hans í greinargerð.

Aðalskipulag Árborgar 2020-2036


Selfosslína 1 - breyting á Selfossi og í dreifbýli




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR - SELFÖSS 1:10.000



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR - SELFÖSS 1:10.000



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR - DREIFBÝLI 1:50.000



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR - DREIFBÝLI 1:50.000

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur verið kynnt og auglýst skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar _____

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _____

Skýringar

- | | |
|----------------------------------|-----------------------------|
| Íbúðarbyggð | Veitur, hitaveita |
| Afbreytingar- og ferðamannasvæði | Veitur, ljósleiðari |
| Athafnasvæði | Veitur, neysluvatn |
| Flugvelliir | Veitur, rafmagn, loftlína |
| Iðnaðarsvæði | Veitur, rafstrengur í jörð |
| Kirkjugarðar og grafreitir | Stofnvegur eða stofnbraut |
| Miðsvæði | Tengivegur eða tengibraut |
| Opin svæði | Aðrir vegir og götur |
| Samfélagsþjónusta | Göngu- og/eða hjólræiðaleið |
| Skógræktar- og landgræðslusvæði | Reiðleið |
| Vötn, ár og sjór | Hjólræiðaleið |
| Verslun- og þjónusta | Göng |
| Íþróttasvæði | Hverfisvernd |
| Óbyggð svæði | Minjavernd |
| Vegir, götur og stígar | Hindranafletir flugvallar |
| Iðnaðarsvæði | Náttúruvá |
| Samfélagsþjónusta | Þéttbýlismörk |
| Veitur, fráveita | Aðalskipulag |

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Aðalskipulag Árborgar 2020-2036
Þéttbýlisuppdráttur - Selfoss og dreifbýlisuppdráttur
Selfosslína 1 - breyting á Selfossi og í dreifbýli

Verk:	Blaðstærð:	Unnið:	Rýnt:
104067	A3	IS	BRE

Mælikvarði:	Dags:	Breytt dags:
1:10.000/1:50.000	05.04.2024	

Samþykkt: